

# Þegar morgunn rís

„Ef þú dæmir aðra eins og kerfið hefur dæmt þig ertu engu betri en þeir sem dæmdu þig til dauða.“ Dwight Adanandus

## MÁLEFNI



### MANNÖRYGGI



### FJÖLMIÐLAR



### FRÍÐUR OG OFBELDI

## PYNGDARSTIG



### STIG 3

## HÓPSTÆRÐ



### HVER SEM ER

## TÍMI



### 60 MÍNÚTUR

<b>Málefni</b>	Mannöryggi, fjölmiðlar, friður og ofbeldi
<b>Þyngdarstig</b>	Stig 3
<b>Hópstærð</b>	Hver sem er
<b>Tími</b>	60 mínútur
<b>Yfirlit</b>	Í þessu verkefni fara fram umræður og notaðar eru upplýsingar til að fræðast um: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Réttindi afbrotamanna.</li> <li>• Dauðarefsingu.</li> <li>• Varnir samfélagsins gegn afbrotamönnum.</li> </ul>
<b>Tengd réttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Rétturinn til lífsins.</li> <li>• Rétturinn til að þurfa ekki að sæta grimmdarlegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð.</li> </ul>
<b>Markmið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að skoða fyrirfram mótaðar hugmyndir um afbrotamenn og áhrif dauðarefsingar.</li> <li>• Að átta sig á eigin hæfni til að hlusta og „túlka“ upplýsingar.</li> <li>• Að stuðla að virðingu og réttlæti.</li> </ul>
<b>Efniviður</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Eintök af dreifiblaðinu „Þegar morgunn rís“, eitt á mann.</li> <li>• Blöð og blýantar fyrir alla þátttakendur</li> </ul>

## Leiðbeiningar

### 1. skref

1. Lestu fyrsta kaflann í „Þegar morgunn rís“ upphátt fyrir allan hópinn. Að því loknu skaltu gefa þátttakendum fimm mínútur til að rifja upp aðalatriðin og skrifa þau niður með eigin orðum. Segðu þeim síðan að skiptast á blöðum við sessunaut sinn, lesa það sem hann hefur skrifað og segja álit sitt á því.
2. Gefðu sjálfboðaliðum kost á að lesa upp fyrir hina það sem þeir skrifuðu. Ræðið síðan um mismunandi útfærslur: Lögðu sumir fleiri smáatriði á minnið en aðrir? Bættu einhverjir við atriðum sem ekki voru í upphaflegu frásögninni?
3. Fáðu fram álit þátttakenda á sögunni: Hver halda þeir að það sé sem segir söguna? Hvað gerðist?

### 2. skref

1. Lestu blaðagreinina og annan kaflann í frásögn Nanons.
2. Gefðu nú sessunautunum 10 til 15 mínútur til að ræða saman um þetta nýja efni. Láttu þá fá eintök af „Þegar morgunn rís“ ef þeir skyldu vilja vísa í einhver atriði í textanum.

3. Síðan skaltu biðja þá að hugleiða eftirfarandi tvö atriði:
  - Breyttist álit þeirra á Dwight eða Nano þegar þeir komust að því að þeir voru á dauðadeildinni? Hvernig? Hvers vegna?
  - Hvað halda þeir að Dwight hafi átt við þegar hann sagði: „Ef þú dæmir aðra eins og kerfið hefur dæmt þig ertu engu betri en þeir sem dæmdu þig til dauða!“ Eru þeir sammála honum?
4. Nú ætti að hefja almennar umræður og fá fram álit þátttakenda á þessum atriðum.

## Samantekt og mat

Þetta verkefni getur verið kveikjan að ýmsum mikilvægum og áhugaverðum umræðum sem geta orðið uppistaðan í öðrum verkefnum. Þó er lagt til að í samantektinni verði fyrst og fremst fjallað um þau mál sem þátttakendur hafa verið að velta fyrir sér í stað þess að taka upp alveg ný umfjöllunarefni (sjá hér á eftir í kaflanum „Ábendingar til leiðbeinanda“).

- Hefur þú lært eitthvað um sjálfa(n) þig í þessu verkefni? Hefur það fengið þig til að endurmeta einhverjar skoðanir sem þú hefur haft?
- Hvað telur þú að verkefnið hafi átt að leiða í ljós? Tókst það? Ef ekki, hver var ástæðan?
- Kom eitthvað fram í verkefninu um réttinn til lífsins, ef svo er, hvað var það? Var fjallað um einhver önnur réttindi í umræðunum?

Skrifa skal þessi atriði niður á stóra pappírsörk eða flettistöflu og nota þau síðar.

## Ábendingar til leiðbeinanda

Í fyrri hluta umræðnanna (eftir að fyrsti kaflinn er lesinn upp) er mjög mikilvægt að þátttakendur fái engan nasapef af aðstæðum manna tveggja: Reynt skal að fá þá til að segja hvað þeim finnst um þessar persónur, án þess þó að gefa til kynna neina sérstaka ástæðu fyrir því. Ætlunin er sú að fá þá til að velta fyrir sér mannlegum eiginleikum þessara einstaklinga án þess að vita neitt um aðstæður þeirra eða fortíð.

Tilgangurinn með því að láta þá skiptast á frásögnum eftir 1. skref er sá að þeir átti sig á því að fólk sem fær nákvæmlega sömu upplýsingar getur lagt misjafnan skilning í hlutina og munað þá á ólíkan hátt. Vert er að leggja áherslu á að ekki beri að líta á þetta sem neins konar „próf“ svo að þátttakendur verði ekki feimnir við að tjá sig, heldur sem leið til að velta upp ólíkum sjónarmiðum. Ef til vill má fá sessunauta sem höfðu mjög ólíka sýn á málið til að tjá sig nánar um það. Spyrja má um ástæðu þess – hvers vegna sumir mundu til dæmis atriði sem aðrir minntust ekki á.

Líklegt er að verkefnið veki upp of mörg mál til að einn fundartími nægi, þannig að halda ætti umræðunum innan upphaflegs ramma í stað þess að leyfa fólki að ræða vítt og breitt um efnið og fara til dæmis úti í deilur um dauðarefsingu. Reynt skal að stýra umræðum þannig að fjallað sé um eftirfarandi málefni:

1. Að hve miklu leyti við, ríkið, allir, hallast að því að „dæma“ fólk út frá einhverju sem það hefur gert (að því að talið er). Þetta er líklega það sem Dwight á við þegar hann talar um að „dæma“ ekki aðra eins og ríkið hefur dæmt hann (og Nanon). Ríkið hefur algjörlega afskrifað þá vegna einhvers sem þeir hafa gert í fortíðinni (að því að talið er).

**Lykildagsetning****26. júní**Alþjóðadagur til stuðnings  
fórnarlömbum pyntinga**1. mars**Alþjóðadagur um afnám  
dauðarefsinga

2. Jafnvel svokallaðir „harðsvíraðir glæpamenn“ búa yfir og varðveita meðfædda eiginleika sína – ekki aðeins „hlýju og góðvild“ sem Dwight talar um, heldur einnig „vonleysi og depurð“ sem Nanon lýsir sem afleiðingum fangavistarinnar.
3. Umræðunni um „réttinn til lífsins“ skal stýra þannig að fjallað sé um hvort þessir tveir einstaklingar eigi enn rétt til lífsins – og ef ekki, hvernig nokkur maður geti „glatað“ slíkum rétti. Hefur til dæmis einhver vald til að svipta aðra borgara slíkum rétti, jafnvel þótt þeir hafi framið glæp?

**Tillögur um framhald**

Fjalla skal áfram um þau málefni sem upp komu í lokin. Hægt er að skipuleggja formlegar umræður, einnig er bent á verkefnið „Atkvæðasmölun“ á bls. 81. Umræðuefni:

- Refsingar: Hvaða tilgangi þjónar það að setja afbrotamenn í fangelsi eða taka þá af lífi? Er það fyrst og fremst gert til að vernda samfélagið, til að breyta hegðun afbrotamanna eða er það hefndin eða makleg málagjöld sem ráða ferðinni?
  - Dauðarefsing: Hver eru rökin með og á móti dauðarefsingu?
  - Öryggi þjóðarinnar andspænis öryggi einstaklingsins: Hvaða takmörk eru fyrir því hvaða meðferð stjórnvöld mega beita harðsvíraða glæpamenn eða hryðjuverkamenn? Er til dæmis hægt að réttlæta pyndingar á grundvelli „þjóðaröryggis“?
- Skoðið heimasíðu stuðningshóps Nanons William, <http://www.nawisa.org/>.

**Hugmyndir um aðgerðir**

Bent er á vefsvæði kanadískra samtaka gegn dauðarefsingu (Canadian Coalition Against the Death Penalty – CCADP) þar sem finna má meiri texta sem fangarnir hafa skrifað ([www.ccadp.org](http://www.ccadp.org)). Einnig væri hægt að gerast pennavinur dauðafanga (á vefsvæði CCADP má finna upplýsingar um hvernig hægt er að gerast pennavinur, einnig er hægt að leita til landsdeilda Amnesty International).

Athugið: „Þegar morgunn rís“ (When tomorrow comes) er birt í heild sinni á vefsvæði CCADP.

## EFNI TIL DREIFINGAR

## „Þegar morgunn rís“ eftir Nanon Williams

## Fyrsti kafli

„Það var daginn eftir að Dwight Adanandus dó sem ég fór að líta lífið allt öðrum augum en það var, eða öllu heldur eins og ég vildi að það væri. Þetta var í vetrarbyrjun og þar sem ég lá og hugsaði enn um vin minn, sem alltaf var með bros á vör þegar tilgangsleysið virtist svo algjört, leið mér hörmulega. Ég reis upp og náði í dagblaðið undan dyrunum og þar var fréttin um hann.“

Þegar ég las hana og vissi að ég fengi aldrei að sjá hann aftur leið mér eins og þúsund nálum væri stungið í hjarta mitt aftur og aftur. Stundum kom hann út í garð og kallaði: „Hvað segir sá stutti í fréttum?“ Og ég leit í kringum mig, og svo aftur á hann, og sagði: „Heyrðu góði, hver er stuttur hér!“ Og svo sprungum við báðir úr hlátri því að ég var sá yngsti í húsaröðinni okkar. Og þegar ég hugsa til baka núna hellist sorgin yfir mig því að ég mun aldrei aftur hlakka til að fara út í garð – því að þar verður enginn Dwight sem getur sléttað út allar reiðigretturarnar sem afmynda andlit mitt.

Með árunum hef ég tekið upp nýjar aðferðir við að drepa tímann, og mér líður vel við tilhugsunina um að þessar nýju aðferðir geri mig vonandi einn góðan veðurdag að betri manni, eins og Dwight varð. Þegar ég er sem aumastur velti ég því alltaf fyrir mér hvað Dwight hefði gert.

„Mundu það,“ sagði hann við mig, „að kerfið getur aðeins brotið þig niður ef þú gefur eftir. Reyndu að sættast við Guð þinn, hver svo sem hann er, og fara að njóta lífsins eftir því sem hægt er.“ Síðan héldi hann áfram: „Já, litli minn, ekki veit ég af hverju þú ert hér en ég veit að þú átt ekki heima hérna ...“

## Annar kafli

„... Í raun og veru á enginn heima hérna, ekki á dauðadeildinni. Hér eru nauðgarar, mannræningjar, þjófar, barnaníðingar og sadistar sem er skítsama um þig. En hér eru líka hlýjar og góðar manneskjur sem framið hafa hræðileg illvirki, en fundið sér leið til að breytast og því skaltu aldrei gleyma,“ sagði hann við mig nokkrum vikum áður en hann var tekinn af lífi. „Mundu bara þetta eitt. „Ef þú dæmir aðra eins og kerfið hefur dæmt þig ertu engu betri en þeir sem dæmdu þig til dauða.“ Þessi orð hljóma nú fyrir eyrum mér, ég skil ekki hvað það var lengi að renna upp fyrir mér hvað hann átti við. Auðvitað heyrði ég hvað hann sagði og vissi hvað hann meinti, en að skilja innihald orða hans til fulls var allt annað. Ég var líklega bara „sá stutti“ eins og hann kallaði mig, en sannleikurinn er sársaukafullur þegar maður horfist loks í augu við hann.“

Mér er ljóst að fangavist er sálrænt vopn sem pínir og byggir upp vonleysi þar til þunglyndið eitt tekur við, en sumum tekst að halda áfram í vonina. Dwight tókst það, hvað svo sem hann hafði gert sem kallaði yfir hann dauðadóm, og honum tókst líka að breyta lífi annarra sem grotnuðu eins og lifandi lík í kirkjugarði kerfisins. „Ég veit að þetta er ekkert auðvelt, litli minn,“ sagði hann. „En það var enginn sem sagði að lífið væri auðvelt. Taktu einn dag í einu, og svo lengi sem þú eygir birtuna í fjarlægð skaltu hafa hana að leiðarljósi.“ Þetta var það síðasta sem hann sagði við mig tárrotum augum þegar hann kvaddi mig í hinsta sinn. Ég ætla ekkert að útskýra hvað þetta er mér mikils virði, en ég held að hann hafi sagt þetta við mig til að ég fyndi innri styrk til að afbera þau ár sem liðið hafa síðan og þau sem ókomin eru. Ég hef aldrei hlaupist frá lífsskoðunum mínum eða því sem er mér mest virði – eins og fjölskyldu minni, svo að ég er viss um að kærleikurinn og himnaríki, þegar þar að kemur, er það sem morgundagurinn ber í skauti sér.“

Nanon Williams var dæmdur til dauða í Texas þegar hann var sautján ára gamall, sakaður um morð af yfirlögðu ráði. Hann hefur aldrei játað sekt sína og hefur verið á dauðadeildinni í nú ár.

Heimild: [www.ccadp.org](http://www.ccadp.org).

## Blaðaúrklippa

Huntsville – 2. október, 1997. Dæmdur ræningi var tekinn af lífi á miðvikudagskvöldið fyrir að hafa skotið kaupsýslumann frá San Antonio sem reyndi að hefja för hans á flóttu eftir vopnað bankarán fyrir níu árum. Adanandus, 41 árs, var dæmdur til dauða fyrir morðið á Vernon Hanan, sem var skotinn í brjostið þann 28. janúar 1988, þar sem hann barðist við Adanandus í anddyri banka í norðurhluta San Antonio borgar.